



Þingeyjarsveit  
Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Kjarna  
650 Laugar



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 8.ágúst 2016  
UST201606-219/K.S.J.  
10.04.02

**Efni: Lýsing. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010 – 2022 á virkjunarsvæði í Fnjóskadal. Lýsing. Tillaga að deiliskipulagi virkjunarsvæðis í Fnjóskadal.**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Þingeyjarsveitar er barst 28. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um sameiginlega skipulags- og matslýsingu fyrir tillögu að breytingu á aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010 – 2022 á virkjunarsvæði í Fnjóskadal og lýsingu tillögu að deiliskipulagi virkjunarsvæðis í Fnjóskadal.

**Skipulagssvæðið**

Í lýsingu kemur fram að ofangreindar tillögur gera ráð fyrir virkjunarsvæði í sveitarfélagini Þingeyjarsveit nánar tiltekið í austurhlíðum Fnjóskadals. Í Fnjóskadal er áætlað að reisa 5 – 5,5 MW virkjun í Hólsá og Gönguskarðsá í landi Ytra-Hóls, Syðra Hóls og Garðs. Skv. lýsingu mun breytingartillagan hafa í för með sér að allt að 40 ha svæði verði breytt úr landbúnaðarlandi í iðnaðarsvæði.

**Staðhættir**

Í greinargerð kemur fram að Hólsá og Gönguskarðsá sem báðar renna í Árbugsá verða virkjaðar sunnan og ofan Garðfells. Þar er áformáð að byggja tvær stíflur og leiða vatnið í þrýstipípu yfir háls sunnan Garðafells að stöðvarhúsi sem er áætlað nærrí bökkum Fnjóskár. Áætlað er að affallið renni beint í Fnjóská.

**Umhverfisáhrif**

Umhverfisstofnun tekur undir að fjallað skal um umhverfisáhrif nýrrar landnotkunar í áætluðum skipulagstillögum og að haft verði í huga jarðrask vegna framkvæmda og mannvirkja auk mögulegra áhrifa af breyttu (minnkuðu) rennsli í Árbugsá. Umhverfisstofnun tekur einnig undir áætlanir um umfjöllun um þá umhverfispætti sem taldir eru upp í lýsingu. Einnig telur stofnunin mikilvægt að fjallað verði um lón það er myndast mun við stíflurnar, umfang þess, stærð og umhverfisáhrif.

**Náttúra og útvist**

Að mati Umhverfisstofnunar er um svæði að ræða þar sem mikil útvist er stunduð s.s veiðar o.p.h. Stofnunin tekur því undir mikilvægi þess að fram komi í tillögu að breytta aðalskipulagi og deiliskipulagstillögu hver áhrif breyttrar landnotkunar hefur á útvist á svæðinu. Einnig er mikilvægt að athugað sé hvort og þá hvernig breytingin á rennsli vatns úr Hólsá og Gönguskarðsá hafi áhrif á umhverfið og Fnjóská. Einnig er mikilvægt að meta áhrif þess að staðsetja stöðvarhús nærrí Fnjóská á útvistar- og náttúruverndargildi svæðisins og hvers sjónrænu áhrifin koma til með að verða.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að iðnaðarsvæði verði afmarkað eins þróngt og kostur er.

Að öðru leyti telur Umhverfisstofnun að í ofangreindri lýsingu sé gerð grein fyrir þeim þáttum sem þörf er á og í því umfangi sem væntanlegar tillögur gefa tilefni til.

Virðingarfyllst

Kristín S. Jónsdóttir

Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

Hildur Vésteinsdóttir

Hildur Vésteinsdóttir  
Teymisstjóri